

Veggmynd

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að útbúa fallegan nytjahlut úr náttúrulegu efni.

Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Umhverfismennt, stærðfræði, myndmennt, hönnun og smíði.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Hér er um að gera að kynna nemendum árssprotu limgerðisplantna. Taka þarf sverari hluta árssprotana, þar sem þeir grennstu eru of sveigjanlegir. Best er að vinna efnið á meðan það er nýtt.

Nemandi getur vel klippt niður efnið og þarf að passa að það sé alltaf jafnlangt. Tilvalið að nýta stærðfræðikennslu með ef hægt er að koma því við, láta nemendur mæla hverja grein áður en klippt er.

Hver nemandi hnýtir síðan saman sína mottu með snæri. Í þessu tilfelli gerðu nemendur í lokin myndir úr trölladegi til að hengja á veggplattann sinn.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Klippur, mælistika, snæri.